

# Verkmenntaskólinn á Akureyri

## Ársreikningur 2010

Verkmenntaskólinn á Akureyri  
Eyrarlandsholti,  
Akureyri.  
531083-0759

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings .....	3
Áritun endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8


## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Verkmenntaskólinn á Akureyri heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og starfaði samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Hlutverk skólans er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum og kennsla á iðn- og verknámsbrautum, allt með áfanga- og fjölbrautasniði. Skólinn leggur áherslu á öflugt dagskólanám, fjarnám og að vera starfsnámsskóli landsbyggðarinnar. Einnig er hlutverk skólans skv. lögum um framhaldsskóla, að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi og búa nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám.


Á árinu 2010 varð 6,2 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Verkmenntaskólans á Akureyri. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir skólans 66,3 m.kr., skuldir 41,0 m.kr. og eigið fé nam 25,3 m.kr. í árslok 2010.

Skólameistari og fjármálastjóri staðfesta ársreikning Verkmenntaskólans á Akureyri fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Akureyri, 31. júlí 2011.



Hjalti Jón Sveinsson,  
skólameistari.



Sigurlaug Hauksdóttir,  
fjármálastjóri

## Áritun endurskoðenda

Til skólanefndar og skólameistara

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Verkmenntaskólans á Akureyri fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### **Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### **Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### **Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Verkmenntaskólans á Akureyri á árinu 2010, efnahag skólans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 31. júlí 2011.



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2010

Tekjur	Skýr.	2010	2009
Innritunargjöld .....	1	35.733.024	31.984.324
Styrkir og framlög .....	2	3.442.000	14.636.575
Aðrar tekjur .....	3	39.113.517	39.664.127
		<u>78.288.541</u>	<u>86.285.026</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	898.347.535	905.883.892
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	5	13.156.247	13.962.632
Funda- og ferðakostnaður .....	6	4.655.477	4.517.754
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	7	10.023.251	10.745.200
Rekstur tækja og áhalda .....	8	12.921.790	30.330.051
Annar rekstrarkostnaður .....	9	16.747.900	15.460.036
Fræðsluefni .....		22.056.679	20.195.771
Húsnæðiskostnaður .....	10	126.717.457	117.660.026
		<u>1.104.626.336</u>	<u>1.118.755.362</u>
Eignakaup .....	11	8.839.552	22.350.886
		<u>1.113.465.888</u>	<u>1.141.106.248</u>
<b>Tekjuhalli fyrir ríkisframlag</b>		( 1.035.177.347)	( 1.054.821.222)
Ríkisframlag .....		<u>1.041.331.181</u>	<u>1.064.039.130</u>
<b>Tekjuafgangur ársins</b>		<u>6.153.834</u>	<u>9.217.908</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	Skýr.	2010	2009
<b>Veltufjármunir</b>			
Ríkissjóður .....	12	0	5.243.604
Viðskiptakröfur .....		8.192.545	6.239.106
Handbært fé .....		58.105.568	35.333.682
		<u>66.298.113</u>	<u>46.816.392</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>66.298.113</u>	<u>46.816.392</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		19.114.952	9.897.044
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins .....		6.153.834	9.217.908
<b>Höfuðstóll</b>	13	<u>25.268.786</u>	<u>19.114.952</u>
<b>Eigið fé</b>		<u>25.268.786</u>	<u>19.114.952</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ríkissjóður .....	12	1.849.997	0
Viðskiptaskuldir .....		39.179.330	27.701.440
<b>Skuldir</b>		<u>41.029.327</u>	<u>27.701.440</u>
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>		<u>66.298.113</u>	<u>46.816.392</u>

## Sjóðstreymi árið 2010

Rekstrarhreyfingar	Skýr.	2010	2009
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		6.153.834	9.217.908
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>6.153.834</b>	<b>9.217.908</b>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur lækkun/(hækkun).....	(	1.953.439)	1.840.530
Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun.....		11.477.890	3.083.546
		<b>9.524.451</b>	<b>4.924.076</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>15.678.285</b>	<b>14.141.984</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(	1.041.331.181)	( 1.064.039.130)
Greitt úr ríkissjóði.....		1.048.424.782	1.051.148.273
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>7.093.601</b>	<b>( 12.890.857)</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....		22.771.886	1.251.127
Handbært fé í ársbyrjun.....		<b>35.333.682</b>	<b>34.082.555</b>
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		<b>58.105.568</b>	<b>35.333.682</b>

## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Verkmenntaskólans á Akureyri er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

#### Skattar

Ríkisstofnanir eru almennt undanþegnar álagningu tekjuskatta.

#### Skráning tekna

Skólagjöld eru bókuð við greiðslu en aðrar tekjur eru bókaðar þegar reikningar eru gefnir út. Áhrif þess eru þó ekki veruleg á reikningsskilin í árslok þar sem stærstu tekjulíðirnir koma til innheimtu fyrir áramót.

#### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast skólanum. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok. Færslur fara um lánardrottnabókhald.

#### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta.

#### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum og sjóði.

#### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna skólans er áhvilandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

#### Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta.

## Skýringar

### Bókhald og fjárvarsla

Fjárskýsla ríkisins hefur verið falið að annast launavinnslu fyrir Verkmenntaskólann á Akureyri en skrifstofa skólans sér sjálf um færslu bókhalds og greiðslu reikninga.

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum til stofnunarinnar námu samtals 1.021,3 m.kr. og á fjáraukalögum 1,4 m.kr. Millifærslur af öðrum fjárlagaliðum voru 18,4 m.kr. og skiptast þannig að fjárheimildir fluttar af fjárlagalið 02-372 Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð voru 20,2 m.kr. og vegna sjálfsmatskerfis framhaldsskóla 13,5 m.kr., vegna námsorlofs fékk skólinn 9,9 m.kr., nemendauppgjörs 3,6 m.kr. til lækkunar og leiðrétt framlag vegna húsaleigu nam 21,4 m.kr. til lækkunar. Í heild námu fjárheimildir ársins 2010 því 1.041,3 m.kr.

Rekstrargjöld, að frádregnum sértekjum, námu samtals 1.035,2 m.kr. og urðu því 6,2 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Sundurliðun er sem hér greinir:

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Ríkistekjur .....	( 10.000)	( 10.000)	( 35.733)	25.733
Sértekjur .....	( 60.000)	( 60.000)	( 42.556)	( 17.444)
Laun og launatengd gjöld .....	809.000	844.747	898.348	( 53.600)
Önnur rekstrargjöld .....	252.200	236.484	206.279	30.205
	991.200	1.011.231	1.026.338	( 15.107)
Eignakaup .....	30.100	30.100	8.840	21.260
	1.021.300	1.041.331	1.035.177	6.154

Rekstrarreikningur sundurliðaður eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	2010	2009
Ríkistekjur .....	( 35.733)	( 31.984)
Sértekjur .....	( 42.556)	( 54.301)
Almennur rekstur .....	1.113.466	1.141.106
	1.035.177	1.054.821

## Skýringar

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld lækkuðu á árinu um 7,5 m.kr. eða 0,8%. Lækkun stafar af minni yfirvinnugreiðslum, en ársverkum fjölgaði úr 126,8 árið 2009 í 131,1 árið 2010. Fjölgun var 4,3 ársverk frá fyrra ári eða 3,4%. Lækkun yfirvinnu skýrist m.a. af fækkun nemenda í fjarnámi. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

	2010	2009
Dagvinna .....	551.296.197	546.692.851
Yfirvinna .....	165.377.249	192.324.568
Vaktaálag .....	1.279.242	1.185.359
Aukagreiðslur .....	1.591.288	2.879.521
Launatengd gjöld .....	178.803.559	162.801.593
	<u>898.347.535</u>	<u>905.883.892</u>

### 5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lækkaði um 0,8 m.kr. frá fyrra ári eða sem nemur 5,8%. Undir þennan lið fellur kostnaður sem tengdur er skrifstofuhaldi skólans og almennum rekstri. Lækkun var mest á afnotagjöldum hugbúnaðar.

Tímarit, blöð og bækur .....	1.987.032	1.708.439
Auglýsingar, kynningar og útgáfustarfsemi .....	2.320.811	1.921.064
Afnotagjöld hugbúnaðar og símagjöld .....	4.208.510	5.799.448
Burðargjöld .....	1.323.805	1.405.150
Skrifstofuvörur .....	3.316.089	3.064.631
Gjafir .....	0	63.900
	<u>13.156.247</u>	<u>13.962.632</u>

### 6. Funda- og ferðakostnaður

Funda- og ferðakostnaður hækkaði á milli ára um 0,1 m.kr. eða um 3,0%. Ferðakostnaður innanlands er vegna funda sem haldnir eru í Reykjavík. Þá er greitt fargjald fyrir starfsfólk sem sækir endurmenntun og ráðstefnur út fyrir Akureyri. Starfsmannaakstur er meðtalin í aksturskostnaði og var hann 564 þús.kr. á árinu.

Ferða- og dvalarkostnaður innanlands .....	1.609.967	1.703.823
Ferða- og dvalarkostnaður erlendis .....	300.970	296.521
Funda- og ráðstefnugjöld .....	155.800	52.000
Námskeiðsgjöld .....	606.150	328.059
Félagsgjöld .....	261.000	283.825
Risna .....	220.201	458.910
Akstur .....	1.501.389	1.394.616
	<u>4.655.477</u>	<u>4.517.754</u>

## Skýringar

### 7. Aðkeypt sérfræðipjónusta

Aðkeypt sérfræðipjónusta felst einkum í rekstrarsamningum og kaupum á þjónustu vegna umsjónar með tölvubúnaði og hugbúnaði auk kennslu. Lækkun kostnaðar frá árinu áður var 0,7 m.kr. eða 6,7%. Hækkun varð á kostnaði við rekstrarsamninga m.a. vegna aukinnar aðkeyptrar þjónustu og breytinga á tölvukerfi og hugbúnaði skólans. Lækkun á sérfræðipjónustu skýrist m.a. af uppgjöri á kennslu árið 2009.

	2010	2009
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta .....	2.546.920	2.468.928
Önnur sérfræðipjónusta .....	348.000	400.000
Sérfræðipjónusta .....	2.056.184	5.871.009
Rekstrarsamningar .....	5.072.147	2.005.263
	<u>10.023.251</u>	<u>10.745.200</u>

### 8. Rekstur tækja og áhalda

Rekstur tækja og áhalda lækkaði um 57,4% frá árinu áður eða 17,4 m.kr. Undir þennan lið fellur rekstur á tölvum og öðrum skrifstofubúnaði ásamt tækjabúnaði til kennslu. Lækkun rekstrarleigu tækja og búnaðar skýrist af samningi um vélstjórnarhermi, sem var keyptur árið 2009 með lokagreiðslu kaupleigusamnings það ár.

Rekstrarleiga tækja og búnaðar .....	7.772.050	24.195.958
Smátæki og áhöld .....	3.140.288	3.846.692
Viðgerðir, viðhald og varahlutir .....	1.615.601	1.932.634
Leigugjöld tækja og áhalda .....	393.851	354.767
	<u>12.921.790</u>	<u>30.330.051</u>

### 9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 1,3 m.kr. eða 8,3% frá fyrra ári. Þessi liður tekur yfir ýmsan rekstrarkostnað og skýrist hækkun að mestu af rekstrarvörum. Einnig varð hækkun á véla- og tækjaleigu, en lækkun á töpuðum kröfum og fjármagnsgjöldum.

Máltíðir og matvæli .....	6.206.738	5.892.233
Rekstrarvörur .....	5.223.162	3.948.392
Ýmis þjónustugjöld .....	1.071.483	881.652
Véla- og tækjaleiga .....	1.885.038	1.290.313
Bifreiðakostnaður .....	514.953	418.008
Önnur opinber gjöld .....	399.228	210.779
Tapaðar kröfur .....	48.843	1.003.485
Fjármagnsgjöld .....	401.837	768.358
Annar kostnaður .....	996.618	1.046.816
	<u>16.747.900</u>	<u>15.460.036</u>

## Skýringar

### 10. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 7,7% frá fyrra ári eða um 9,1 m.kr. Skólinn er með aðsetur að Eyrarlandsholti á Akureyri. Húsnæðið er í eigu ríkissjóðs og greiðir skólinn Fasteignum ríkissjóðs húsaleigu fyrir afnotin. Auk leigu á kennsluhúsnæði leigir skólinn afnot af heimavist, íþróttahúsi og sundlaug. Helstu breytingar á milli ára eru hækkun húsaleigu og minni viðhaldskostnaður.

	2010	2009
Leigugjöld .....	83.496.763	72.325.800
Rekstrarsamningur um heimavist .....	15.536.248	16.291.668
Orka .....	15.816.191	14.791.208
Viðhald fasteigna .....	6.902.004	10.084.482
Prif og sorphirða .....	2.209.232	1.723.950
Annar húsnæðiskostnaður .....	1.050.866	825.422
Öryggisgæsla .....	1.706.153	1.617.496
	<u>126.717.457</u>	<u>117.660.026</u>

### 11. Eignakaup

Eignakaup námu 8,8 m.kr. og lækkuðu um 13,5 m.kr. eða 60,5% frá fyrra ári. Helstu kaup á árinu voru vélar á iðnbrautir, bifreið og endurnýjun tölvubúnaðar.

Tölvubúnaður .....	1.700.740	6.696.267
Húsgögn .....	1.167.998	1.378.402
Skrifstofubúnaður .....	599.210	145.000
Önnur tæki og búnaður .....	4.321.604	14.131.217
Bifreiðar .....	1.050.000	0
	<u>8.839.552</u>	<u>22.350.886</u>

### 12. Staða við ríkissjóð

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Verkmenntaskólans á Akureyri gagnvart ríkissjóði. Þannig eru greiðslur og framlag færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum skólans. Í árslok 2010 nam skuld skólans við ríkissjóð 1,8 m.kr. og hafði staðan versnað um 7,0 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2010 .....	5.243.604
Ríkisframlag .....	1.041.331.181
Greiðslur .....	( 977.314.743)
Millifærslur .....	( 71.110.039)
Staða 31. desember 2010 .....	<u>( 1.849.997)</u>

## Skýringar

### 13. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll Verkmenntaskólans á Akureyri sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur skólans gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2010 sýnir höfuðstóll skólans ónotaða fjárheimild að fjárhæð 25,3 m.kr. og hafði staðan batnað um 6,2 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuafgangi ársins.

#### Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2010 .....	19.114.952
Tekjuafgangur fyrir ríkisframlag .....	( 1.035.177.347)
Ríkisframlag .....	1.041.331.181
Höfuðstóll 31. desember 2010 .....	<u>25.268.786</u>

#### Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2010	2009	2008	2007	2006
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	78.289	86.285	79.765	75.164	56.619
Rekstrargjöld .....	( 1.104.626)	( 1.118.755)	( 1.072.015)	( 952.952)	( 882.304)
eignakaup .....	( 8.840)	( 22.351)	( 23.831)	( 17.995)	( 16.486)
Tekjuafgangur	( 1.035.177)	( 1.054.821)	( 1.016.081)	( 895.782)	( 842.171)
Ríkisframlag .....	1.041.331	1.064.039	1.023.237	967.962	852.440
Tekjuafgangur ársins	<u>6.154</u>	<u>9.218</u>	<u>7.156</u>	<u>72.180</u>	<u>10.269</u>
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir .....	66.298	46.816	42.162	38.999	30.353
Eignir alls	<u>66.298</u>	<u>46.816</u>	<u>42.162</u>	<u>38.999</u>	<u>30.353</u>
<b>Höfuðstóll</b> .....	25.269	19.115	9.897	2.741	( 69.438)
Skammtímaskuldir .....	41.029	27.701	32.265	36.257	99.791
Eigið fé og skuldir alls	<u>66.298</u>	<u>46.816</u>	<u>42.162</u>	<u>38.999</u>	<u>30.353</u>